

Þekking – Færni – Virðing - Vellíðan

Sjálfsmatsskýrsla Dalvíkurskóla 2015 – 2016



Gísli Bjarnason skólastjóri
Dalvíkurskóli 2015 - 2016



Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
2 Starfsemi og áherslur skólans	3
2.1 Nemendur	3
2.2 Starfsfólk Dalvíkurskóla	3
2.3 Áherslur skólans og helstu verkefni skólaárið 2015 – 2016	3
3 Innra mat skólans skólaárið 2015 – 2016	5
3.1 Sjálfsmatsáætlun 2015 – 2016	5
4 Nám, kennsla og mat	5
4.1 Greiningargögn	5
4.2 Ytra mat mennta – og menningarmálaráðuneytis	5
4.3 Ígrundun og greining á niðurstöðum	6
4.5 Lesfimisniðurstöður	7
4.6 Leiðir til úrbóta	9
5 Stjórnun	10
5.1 Greiningargögn	10
5.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum	10
5.3 Leiðir til úrbóta	12
6.1 Greiningargögn	13
6.2 Ígrundun og greining	13
6.3 Leiðir til úrbóta	13
7 Foreldrasamstarf	13
7.1 Greiningargögn	13
7.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum	14
7.3 Leiðir til úrbóta	14
8 Raddir nemenda	15
8.1 Greiningargögn	15
8.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum	15
8.3 Leiðir til úrbóta	15
9.1 Sjálfsmatsáætlun	15
10 Samantekt og mat á niðurstöðum	16
11 Lokaorð	16



1 Inngangur

Samkvæmt upplýsingaskyldu um skólahald segir: Hver grunnskóli skal með með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Sjálfsmatsáætlun skólans á að birta á vef skólans þar sem hægt er að finna upplýsingar um innra mat skólans. Innra mat skólans skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins.

Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Í skólanámskrá Dalvíkurskóla má finna upplýsingar um skólastarfið og nánari útfærslu á kennslutilhögun í bekkjarnámskrám.

Yfirumsjón með innra mati á skólastarfi skólárið 2015 – 2016 hefur verið í höndum skólastjóra og deildarstjóra. Friðrik Arnarsson, deildarstjóri eldra stigs, hefur séð um Skólapúlsinn og haldið utan um þau greiningargögn. Foreldra – og starfsmannakannanir hafa verið gerðar í samráði við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Einneltisteymi Dalvíkurskóla hefur séð um fyrirlögn á Olweusarkönnun sem er lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk. Haldinn var matsfundur í febrúar þar sem allt starfsfólk skólans kom saman og fjallaði um jákvæðar og neikvæðar hliðar vinnustaðarins. Stjórnendur sáu um úrvinnslu af fundinum. Mikil ánægja kom fram á fundinum með skipulag á teymiskennslu og starfsfólki finnst vera miklu minna álag nú en áður. Þetta var fyrsta árið sem kennarar unnu eftir nýju vinnumati sem kom inn eftir síðustu kjarasamninga kennara. Vinnumatið verður endurskoðað ár hvert og það nýtt til framþróunar í skólastarfi s.s. í faghopavinnu kennara og annað skólaþróunarstarf.

Námsnefnd var starfandi skólaárið 2015 - 2016, hún samanstendur á þessu skólaári af skólastjóra, tveim fulltrúum kennara og 10 fulltrúum nemenda af unglingastigi. Í vetur var tekið fyrir skipulag skólastarfs. Nemendur eru heilt yfir ánægðir með skipulag skólans og eru ánægð með breytingar á vali þar sem að smiðjur koma meira inn. Voru ánægð með þær breytingar sem voru gerðar á stundarskrá og sérstaklega að fá auka vinnustund á föstudegi.





2 Starfsemi og áherslur skólans

2.1 Nemendur

Dalvíkurskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur og annað starfsfólk vinna eftir grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Dalvíkurbyggðar sem nú hefur verið gefin út. Skólinn vinnur einnig í anda skólasýnar Dalvíkurskóla þar sem einkunnarorð skólans eru: Þekking og færni - virðing og velliðan.

2.2 Starfsfólk Dalvíkurskóla

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru 51 talsins í mismiklu starfshlutfalli. Skólastjóri er Gísli Bjarnason og deildarstjórar eru Friðrik Arnarsson á eldra stigi og Katrín Fjóla Guðmundsdóttir á yngra stigi. Mynda þau þrjú stjórnunarteymi skólans. Verkefnastjóri er í sér- og stuðningskennslu við skólann, Gunnhildur Birnisdóttir. Kennarar við skólann eru 30 og starfsfólk í blönduðum störfum eru 21 í mismiklu starfshlutfalli.

2.3 Áherslur skólans og helstu verkefni skólaárið 2015 – 2016

Haldið var áfram að þróa teymiskennslu. Mikið hefur áunnist og eru kennarar virkilega ánægðir með þetta skref sem var tekið. Helstu áherslur skólans er að rækta umhyggju og virðingu í samskiptum nemenda og starfsfólks í anda Uppbyggingarstefnunnar. Þá var á vordögum gerð tilraun með ávaxtaáskrift og boðið var upp á ókeypis hafragraut og mæltist þessi nýbreytni vel fyrir samkvæmt samtölum við nemendur, foreldra og kennara. Stefnt er að því að halda þessu áfram næsta skólaár í samráði við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Innleiðing á nýrri Aðalnámskrá sem var samþykkt 2011 hélt áfram. Sérstakir áherslupættir voru *læsi* (haust 2015) og *sjálfbærni* (vor 2016) og þar með er formlegri innleiðingu grunnþátta menntunar lokið í Dalvíkurskóla.



**Eftirtaldar nefndir og vinnuhópar hafa starfað í vetur:*****Námsárangurshópur sem vinnur að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla.***

Hópurinn fundaði á hálfmánaðar fresti. Fyrir áramót var unnið að því að hvernig við gætum styrkt samskipti og samvinnu heimilis og skóla. Í haust verður byrjað að vinna eftir þeim tillögum sem nefndin setti fram um samstarf heimilis og skóla. Eftir áramót var unnið að markmiðssetningu námsgreina sem er hluti af skólanámskrá Dalvíkurskóla og í kjölfarið var unnin námsmatsáætlun Dalvíkurskóla út frá nýjum forsendum námsmats frá Menntamálastofnun. Á vordögum unnu kennarar að námsmatsáætlunum og stefnt er að því að fara vel yfir þessa vinnu á haustdögum og klára það sem betur má fara.

Innleiðing grunnþátta aðalnámskrár –Nefndin vinnur að stefnumörkun um innleiðingu grunnþátta samkvæmt innleiðingaráætlun og fundaði í tengslum við innleiðingarfundi tvisvar á önn að meðaltali. Samkvæmt innleiðingaráætlun var unnið með grunnþættina *læsi og sjálfbærni* í vetur.

Eineltisteymi/Olweus –Fundar hálfsmánaðarlega og vann með þau eineltismál sem upp komu ásamt því að gera tillögur að úrbótum. Skipuleggur einnig eineltisfræðslu í skólanum í samráði við skólastjórnendur og umsjónarkennara.

Snemmtæk íhlutun (Þróunarverkefnið –Byrgjum brunninn) – Fylgdi eftir áætlun um framgang verkefnisins og sá verkefnastjóri sérkennslu um að fylgja áætluninni eftir. Unnið var áfram að gerð verkefnabanka og haldið utan um gögn sem urðu til.

Umhverfisnefnd – fundað var að meðaltali tvisvar á önn og unnið var áfram að Grænfánaverkefninu, stefnumótun í umhverfismálum, gerð framkvæmdaráætlunar og unnið að forgangsverkefnum (sjá skýrslu grænfánanefndar) kólinn flaggaði Grænfánanum í þriðja sinn 26. maí 2016.

Stýrihópur um innleiðingu fjölmennningarstefnuna LAP (Linguistically Appropriate Practice) í yngstu bekki grunnskólans. Síðastliðið ár var byrjað að innleiða LAP í leikskólum bæjarins og ákveðið var að verkefnið yrði einnig innleitt í yngstu bekki grunnskólans á þessu skólaári. Stýrihópurinn vann framkvæmdaáætlun og hóf vinnu við innleiðingu. Sú vinna gekk hægt en vel. Á vordögum hélt höfundur fjölmennningarstefnunnar **LAP** Roma Chumak-Horbatsch PhD fyrirlestur fyrir alla kennara skólans. Stefnt er að því að innleiða LAP í 1.-4. bekk næsta skólaár og vinna m.a. áfram að því að gera tungumál nemenda sýnilegri í skólastarfinu.



3 Innra mat skólans skólaárið 2015 – 2016

3.1 Sjálfsmatsáætlun 2015 – 2016

Sjá fylgiskjal 1.

4 Nám, kennsla og mat

4.1 Greiningargögn

- ✓ Samræmd próf í 4. – 7. og 10. bekk sem eru lögð fyrir ár hvert
- ✓ Bekkjarnámskrár/Kennsluáætlanir
- ✓ Skólapúlsinn
- ✓ Skimun í 1. bekk
- ✓ Stöðluð lestarpóf sem tekin eru í yngri bekkjum Dalvíkurskóla.
- ✓ Foreldraviðtöl
- ✓ Olweus - eineltiskönnun
- ✓ Almennt námsmat í skólanum
- ✓ Námsnefnd
- ✓ Matsfundir starfsmanna
- ✓ Skólaþing

4.2 Ytra mat mennta – og menningarmálaráðuneytis

Á haustdögum 2014 var Dalvíkurskóli tekinn út af Námsmatsstofnun og er ytra matið hluti af samstarfsverkefni Samband íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og menningamálaráðuneytis. Með ytra mati var sérstaklega lögð áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennarar í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólanum hvati til frekari skólaþróunar. Ítarleg skýrsla kom í kjölfarið og í samráði við fræðsluvið var unnin úrbótaáætlun sem send var til Mennta – og menningarmálaráðuneytis. Engin athugasemd kom frá ráðuneyti varðandi úrbótaáætlunina. Unnið er markvisst eftir úrbótaáætluninni og margir þættir eru nú þegar komnir til framkvæmda en aðrir eru í vinnslu og þar má nefna helst áherslu að bæta námsárangur nemenda. Stöðuskýrsla var send til menntamálaráðuneytis í janúar 2016 og væntanlega óska þeir eftir nýrri greinagerð nú í vor. Mikil áhersla hefur verið lögð á lestur í vetur og hafa nemendur í yngri bekkjum verið að bæta sig verulega. Einnig hafa nemendur á miðstigi og unglíngastigi verið að setja sér markmið í stærðfræði sem þeir stefna að og oftast en ekki hafa nemendur verið að ná þeim markmiðum. Markmiðið er að gera slíkt hið sama í íslensku og að allir nemendur skólans setji sér markmið í lesfimi. Nú í haust verður skipaður þriggja manna vinnuhópur til að vinna að sjálfsmati skólans.



4.3 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Niðurstöður samræmdra prófa haustið 2015

Niðurstöður samræmdra prófa voru á þann veg að skólinn var yfir landsmeðaltali í 4. bekk bæði í íslensku og stærðfræði en undir landsmeðaltali í 7. bekk bæði í íslensku og stærðfræði. Þá voru nemendur í 10. bekk undir landsmeðaltali í öllum námsgreinum. Hið jákvæða er að árangur í 4. bekk er mun betri í ár en s.l. ár. Námsárangursnefnd vinnur að því að efla og styrkja góðan námsárangur og hefur sett fram tillögur í þeim efnum sem unnið verður eftir.

Niðurstöður úr Skólapúlsinum 2015-16

Skólapúlsinn mælir þrjá þætti; virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Innan hvers þáttar eru mældir fimm til átta undirþættir. Þrjár mælingar eru gerðar á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Almennt má segja að um niðurstöður Skólapúlsins séu verri í öllum þáttunum en undanfarin ár. Það kemur fyrst og fremst til af því að fyrsta mælingin kom illa út og niðurstöður voru neikvæðar. Hins vegar hefur þróunin verið til betri vegar í seinni tveimur mælingunum en þó ekki næg til að vega upp ársmeðaltalið.

Samkvæmt mælingum hefur dregið úr virkni nemenda í skólanum. Ánægja í námi, trú á eigin getu og vinnubrögð er neikvæð miðað við landsmeðaltal. Líðan og heilsa er einnig verri en landsmeðaltal. Skóla- og bekkjarandi, sem hefur verið sterkt einkenni skólans og komið vel út, mælist nú slakari en landsmeðaltal, en er þó sá þáttur sem best kemur út.

Nokkur munur er á milli árganga og eins er munur á svörum drengja og stúlkna í nokkrum undirþáttum.

Niðurstöður samráðsfunda 2015-16

Í vetur var tekin sú ákvörðun að breyta heiti foreldraviðtala í samráðfundi. Rökin fyrir því eru að nám er sameiginleg ábyrgð nemenda, foreldra og kennara. Samráðsfundir voru í október og febrúar. Eftir viðtölin skiluðu kennarar eyðublaði til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir komu fram varðandi nám og kennslu. Allir skiluðu inn eyðublöðum og var almenn ánægja með skólastarfið og mjög fáar athugasemdir komu varðandi skipulag á kennslu. Mæting foreldra í viðtölin var góð en fáein viðtöl voru tekin á öðrum dögum eða gegnum síma þegar það hentaði foreldrum betur.

Tölfræði frá samráðsdegi 01. okt. 2015

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals	70 = 35%	18 = 9%	113 = 56 %

Tölfræði frá samráðsdegi 09. febrúar. 2016

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein



Samtals	72 = 39%		17 = 9%	98 = 52 %
---------	----------	--	---------	-----------

Svipað hlutfall foreldra mætti á samráðsfundi eins og á foreldrafundi undanfarin ár.

Unnið er eftir námsmatsáætlun Dalvíkurskóla og sífellt er unnið að því að auka fjölbreytni í mati á námsárangri. Í vetur hafa orðið miklar breytingar á námsmati í skólanum.

Námsmatsáætlun er í endurskoðun og fór sú vinna af stað nú í vor og verður kláruð á vinnudögum kennara í haust.

Innanhússþing var að venju haldið í desember og annað er áætlað á starfsdögum í júní. Þar segja kennarar frá áhugaverðum verkefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum m.a. kynntu kennarar ýmsar nýjungar í upplýsingatækni í skólastarfi s.s. notkun QR kóða í ratleikjum og sem upplýsingar við gönguleiðir í Dalvíkurbyggð. Eins og hefur komið fram áður á skólapingi þá - eru viðhöfð fagleg og fjölbreytt vinnubrögð sem eiga örugglega eftir að skila bættum námárangri nemenda. Dalvíkurskóli hefur gefið sig út fyrir það að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og hefur það svo sannarlega komið fram á þingunum. Innanhússþingin hafa þróast á undanförunum árum frá því að kennarar sögðu frá afrakstri verkefnavinnu í það að lýsa verkferlum, áherslum og vinnubrögðum nemenda og er það mjög ánægjuleg þróun.

4.4 Sér og stuðningskennsla

Skólaárið 2015-2016 þurftu um 27 % nemenda eða 62 nemendur aðstoð eða sérkennslu daglega eða oftast en tvisvar í viku í formi einstaklingskennslu, iðjubjálfunar, þroskabjálfunar, aðstoðar við nýbúa og/eða hegðunarmótunar. Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og /eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á.

Meginmarkmið með sérkennslu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings. Mikill tími og orka hefur síðasta skólaár farið í erfið hegðunarmál. Þau eru sífellt stækkandi hluti skólastarfsins og er það áhyggjuefni.

4.5 Lesfimisniðurstöður

Í læsisstefnu Dalvíkurskóla eru tilgreind lesfimiviðmið fyrir 1. – 10. bekk. Lesfimiviðmiðin fyrir fjóra yngstu bekkina eru fengin úr viðmiðum Leið til læsis sem skólinn notar til að mæla lesfimi. Í sameiginlegri vinnu skóla á Eyjafjarðarsvæðinu eru viðmið 1.-5. bekkjar hinsvegar lægri en markmiðin sem Dalvíkurskóli setur sér en þar er stuðst við ástralska efnið First Steps. Í vor voru allir nemendur skólans prófaðir í lesfimi og niðurstaða þeirrar prófunar sett upp myndrænt eftir árgöngum (sjá fyrri töfluna hér á eftir). Sömu niðurstöður voru settar fram miðað við First Steps viðmiðin (sjá seinni töfluna hér á eftir). Niðurstaðan er að yngri bekkir skólans sýna betri árangur en þeir sem eldri eru. Ákveðið hefur verið næsta vetur verði prófað að vinna að bættum lesfimiárangri með samvinnu við foreldra um að nemendur setji sér raunhæf lesfimiárangri þar sem flestir nemendur stefni að því að ná í það minnsta lestrarviðmiðum síns árgangs. Jafnframt verður boðið upp á námskeið fyrir foreldra yngstu nemendanna um læsi. Stefnt er að því að eldri nemendur haldi áfram að vera með lestrarmiða þar sem þeir skrá lestur sinn. Þá er í skoðun hvort bjóða þurfi foreldrum nemenda með slaka



lesfimi upp á námskeið í lestrartækni. Þá þarf að efla kennsluráðgjöf í lestri nemenda með leshömlun.

Viðmið Dalvíkurskóla	Staða árganga í Dalvíkurskóla í lesfimi maí 2016 (strákar /stelpur)									
(Orð á mín)	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Ná ekki viðmiði 1. b.	7/5		2/2			1/0	1/0			
1.bekkur 50 orð á mín <85 atkv.	1/4	7/4	1/2	4/0	1/1	1/1	1/1	3/1	1/0	1/1
2.bekkur 85 orð á mín <145 atkv.	2/3	2/6	6/0	3/1	1/0	0/1	1/0			2/1
3.bekkur 105 orð á mín <175 atkv.	1/0	1/0	0/2	3/0	0/1	0/1	1/0	0/2	0/1	2/4
4.bekkur 125 orð á mín <210 atkv.		0/2	0/1	2/0	1/0	1/0	0/2	1/4	2/1	2/0
5.bekkur 140 orð á mín <235 atkv.			1/0	2/0	1/1	0/1	2/2	3/2	3/0	3/0
6.bekkur 150 orð á mín <255 atkv.				0/1	1/0	2/0	0/1	0/2	1/0	0/1
7.bekkur 160 orð á mín <270 atkv.		1/0		1/2	1/1	3/1	1/1	2/3	3/1	1/3
8.-10. bekkur 180 orð á mín <300 atkv.		0/2		4/2	3/1	1/2	3/3	3/3	4/6	7/2
Hlutfall sem ná viðmiðum	47%	56%	23%	56%	64%	56%	40%	20%	50%	30%

(strákar/stelpur)





Viðmið læsishóps Eyjafjarðarskóla	Staða árganga í Dalvíkurskóla í lesfimi maí 2016 (strákar /stelpur)									
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Prep (Orð á mín)										
1.	2/1									
2. < 25	1/0									
3. 20-50	3/3		2/1			1/0	1/0			
4. (40-70)	1/2	5/2	0/1	1/0	0/2	0/1		3/1	1/0	1/0
5. (65-100)	2/5	3/6	5/1	4/1	2/0	1/0	1/1			2/2
6. (95-140)	2/1	2/4	1/3	7/0	1/1	1/2	2/3	1/6	2/2	4/4
7. (140-170) >240 atkvæði		1/2	1/0	2/2	3/2	7/2	3/3	5/7	4/1	4/4
8. (>175) > 300 atkvæði				5/3	3/2	1/2	3/3	3/3	4/6	7/2
Hlutfall sem ná viðmiðum	83%	100%	77%	76%	60%	67%	30%	20%	50%	30%

4.6 Leiðir til úrbóta

Eftir niðurstöður samræmdra prófa var unnið eftir því vinnuferli sem búið var að ákveða og þær niðurstöður notaðar til að bæta námsárangur nemenda. Skólinn setur sér það markmið að vera alltaf yfir meðallagi á landsvísu. Vinna er í gangi að auka metnað og árangur nemenda í námi m.a. með því að nemendur setji sér markmið í námi í samráði við foreldra sína og kennara. Á næsta skólaári verða töluverðar breytingar á samræmdum prófum og verða þau hér eftir á rafrænu formi. Nemendur í verðandi 4. bekk tóku nú í vor rafrænt prufupróf til æfingar og til að kanna hvort tölvutæknin virkaði sem skyldi.

Niðurstöður Skólapúlsins voru ekki góðar nú í vetur. Samkvæmt Skólapúlsinum virðast flestir þættir sem snúa að líðan nemenda vera undir landsmeðallagi og kom fyrsta mælingin sínu verst út en batnaði í seinni mælingunum. Nauðsynlegt er á næsta skólaári að eineltisteymi Dalvíkurskóla rýni í þessar niðurstöður og geri úrbótaáætlun í framhaldinu. Einnig þarf að velta fyrir sér framkvæmd könnunar í skólanum, taka jafnvel stærri hópa í einu í könnun frekar en lítið úrtak. Einnig að skoða að taka könnun tvisvar á skólaárinu frekar en þrisvar. Skólapúlsinn sýnir aukningu á einelti í skólanum og er það í samræmi við niðurstöðu úr Olweusar – könnun en þar kom fram að einelti hefði aukist milli ára úr 2,2% í 9%. Það þarf að upplýsa foreldra betur um hvað þarf að gera þegar grunur er um einelti í skólanum.



Haldið var áfram með snemmtæka íhlutun í námi og hefur Gunnhildur verkefnastjóri í sérkennslu haldið utan um það verkefni. Það hefur verið kynnt foreldrum að hausti og haldnir fræðslufundir fyrir foreldra í 1. bekk í kjölfarið. Einnig er unnið með félagsfærni í yngstu bekkjum skólans. ART þjálfun er tekin í 2., 6. og 9. bekk í 12 vikur. Með því að grípa strax inn í virðast færni nemenda aukast og fleiri nemendur ná viðmiðum t.d. í lesfimi (sjá niðurstöður fyrir 2. bekk).

Boðið verður upp á sérstaka fræðslufundi fyrir foreldra barna í 1. bekk þar sem ítarlega var fjallað um Uppbyggingarstefnuna, læsi og stærðfræði fyrir byrjendur. Farið í leiðir til að auka þátttöku foreldra í námi barna sinna. Tilkynnt var á vorfundi með verðandi 1. bekkjar foreldrum að skyldumæting yrði á þessa fræðslu og engar athugasemdir komu um það.

Dalvíkurskóli hefur gefið það út að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og eftir innanhússþing nú í desember og nú í vor kom það glöggt fram. Skólinn þarf að halda áfram að þróa sig í starfi og vera í fararbroddi í skólastarfi m.a. með því að efla starfsþróun kennara eins og kostur er. Skólinn mun halda áfram að taka þátt í menntabúðum í tengslum við upplýsingatækni í skólastarfi og mun það verða gert í samstarfi við skóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Kennarar Dalvíkurskóla munu taka þátt í læsisnámskeiði í ágúst og munu ráðgjafar frá Menntamálastofnun sjá um það námskeið á Dalvík og Ólafsfirði.

5 Stjórnun

5.1 Greiningargögn

- ✓ Foreldrakönnun
- ✓ Starfsmannakönnun
- ✓ Starfsþróunarsamtöl
- ✓ Matsfundur

5.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Niðurstöður foreldrakönnunar í febrúar 2016

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á samráðsfundadegi í febrúar 2016 var svörun nokkuð góð. 68% foreldra svöruðu könnuninni sem er töluvert lægra svarhlutfall en var á síðasta skólaári. Það er spurning hvort ekki þarf að skoða betur framkvæmd og umfang könnunar.

Af þeim sem svöruðu voru um 94% foreldra ánægðir með skólann og upplifa að þeir séu velkomnir þangað en það er svipað hlutfall og í fyrra. Langflestum eða um 96% foreldra finnst starfsfólk taka tillit til óska og athugasemda sem þeir setja fram og er það svipuð niðurstaða og á síðasta skólaári. Í fyrra töldu 96% foreldra sem svöruðu að þeir upplíðu að almennt ríki trúnaður meðal starfsfólks varðandi málefni barna og sú niðurstaða er svipuð á þessu skólaári. Meiri ánægja er með matinn á þessu skólaári en áður. Um 65% foreldra eru ánægð með matinn en var um 60% á síðasta skólaári. Reglulega funda skólastjórar með Veislupjónustu til að bæta og breyta ef eitthvað er. Þá telja 95% foreldra að upplýsingar um náms- eða þroskastöðu barnsins síns séu nægar og er það hlutfall svipað og í fyrra. Af þeim sem svöruðu telja 94% svarenda samráðsviðtöl markviss og árangursrík svo greinilegt er að samráðsviðtöl og framsetning á námsmati er í betri farvegi í ár en í fyrra og unnið verður að því að bæta námsmat og framsetningu þess enn frekar á næstu árum.



Nú telja 78% svarenda sig hafa áhrif á stefnu og starf skólans sem er svipað hlutfall og í fyrra. Foreldrar eru nær undantekningarlaust ánægðir með umsjónarkennara barnsins síns sem og aðra kennara skólans og er það ákaflega gleðilegt og í raun einstakur árangur að slík ánægja haldist ár eftir ár. Það bendir til mikils trausts og gagnkvæmrar virðingar milli foreldra, nemenda og kennara. Það vekur athygli að í foreldrakönnun virðist nokkur hluti foreldra eða um 10 % telja að börn sín hafi orðið fyrir einelti í skólanum á þessu skólaári. Nær undantekningarlaust telja foreldrar að þeir hafi látið umsjónarkennara eða starfsmann vita af eineltinu sem er afar jákvæð þróun. Nauðsynlegt er að ítreka að foreldrar tilkynni skólanum strax er grunur leikur á um einelti svo starfsmenn skólans geti strax brugðist við á viðeigandi hátt. Einungis 55% foreldra sem tóku afstöðu telja að starfsfólk skólans bregðist við af festu í eineltismálum sem er nokkuð minna heldur en á síðasta ári og þarf skólinn að bregðast við þessu. Því má velta fyrir sér hvort foreldrum séu nægjanlega ljósir þeir verkferlar sem starfsfólk skólans vinnur eftir í eineltismálum og eins hvernig skólinn getur unnið að því að bæta þá verkferla svo foreldri upplifi að brugðist sé við á ásættanlegan hátt ef einelti kemur upp.

Yfirgæfandi meirihluti foreldra sem tóku afstöðu telja að sínu barni þyki þægilegt að nýta sér spjaldtölvur/tölvur í námi sínu og eru jafnframt ánægðir með þau skref sem skólinn hefur tekið í innleiðingu á notkun þeirra.

Niðurstöður starfsmannakannana, starfsþróunarsamtala og matsfundar

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2016 í samstarfi við Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar og var svarhlutfallið mun betra en í fyrra hjá starfsfólki Dalvíkurskóla eða tæplega 90%. Almenn líður starfsfólki vel í skólanum eða um 95% sem svöruðu og eru allir stoltir af sinni stofnun. Tæplega 90% starfsmanna sagði að álagið væri hæfilegt og sögðu að þessi vetur hefði verið miklu betri en síðustu vetur hvað það varðar. Nær allir telja gott að vinna með samstarfsfólki sínu og telja sig vera duglega að hrósa því eða tæp 95% svarenda. Hins vegar telja einungis 80% sig fá hrós frá samstarfsfólki sínu sem er samt sem áður aðeins meira en á síðasta skólaári. Stjórnendur þurfa greinilega að taka sig á að hrósa starfsfólki sínu betur því sú tala hefur lækkað töluvert frá því í fyrra. Þá kemur fram að starfsfólki finnst gott að leita til stjórnenda og að þeir sýni faglegu frumkvæði áhuga. Af þeim sem svöruðu könnuninni vilja flestir fá fræðslu um hvernig nýta má tölvur og nútímalegan hugbúnað í kennslu og svo vilja starfsmenn einnig fá námskeið í skyndihjálp. Í könnun starfsfólks þegar var spurt um styrkleika skólans var talað um gott starfsfólk, jákvæðni og samheldni. Starfsandi góður og mikil starfsánægja er í starfsmannahópnum. Einnig var spurt um veikleika skólans og fram kom að það vantar stöðugleika í starfsmannahópnum og nokkrir nefna að mikil forföll reyni á samstarfsfélagi sem þarf að reyna að sporna við. Stundum birtist viss agaleysi í starfsmannahópnum og hefur verið tekin umræða um það og á það sérstaklega við um skil á könnunum og skipulagi. Í síðustu könnun kom fram mikil neikvæðni í athugasemdum gagnvart fræðsluyfirvöldum, en virðist ekki koma sterkt inn nú.

Á matsfundum kom fram að talsverður fjöldi starfsfólks upplifir bættan starfsanda. Einnig nefndu margir eins og áður að stjórnendur hlustuðu á starfsfólkið og brigðust fljótt við athugasemdum þess. Þá kom fram ánægja með þróun teymiskennslu og samstarf innan



teyma. Einhverjar athugasemdir komu fram um aðbúnað starfsmanna. Iðjuþjálfari var fenginn til að ræða við alla starfsmenn og kanna vinuaðstæður þeirra og gera í kjölfarið tillögur að úrbótum.

Í starfsþróunarsamtölum vorið 2016 kom fram, eins og könnun segir til um, að starfsfólki líður almennt vel þrátt fyrir töluvert álag í starfi. Einnig kemur fram að starfsandi í skólanum er góður og mikil starfsánægja. Fara þarf betur yfir hefðir og venjur með nýliðum í starfi. Æskilegt að nemendur á yngsta stigi byrji daginn með umsjónarkennara en ekki í aldursblönduðum hópi í verkgreinum.

Kennarar sjá um skráningu á sinni starfsþróun og skila skráningablöðum til skólustjóra skil á blöðum eru nú tæplega 100 %. Farið verður yfir starfsþróunarböð í júní og þau rýnd og koma upplýsingar um fjölda kennara sem uppfylla starfsþróun fram í starfsáætlun næsta skólaárs

5.3 Leiðir til úrbóta

Meiri ánægja er nú en áður með matinn í mötuneyti skólans. Hugmyndir eru um að setja af stað mötuneytisnefnd aftur og í henni verði fulltrúar úr námsnefnd. Hlutverk nefndarinnar væri að funda reglulega um matseðil frá Veislubjónustu. Einnig þarf að skerpa á upplýsingaflæði frá Veislubjónustunni þegar eitthvað breytist varðandi matseðil og nauðsynlegt að þær upplýsingar fari líka inn í heimasíðu skólans.

Með teymisvinnu hefur verið reynt að draga úr álagi hjá starfsfólki og virðist hún vera að skila sér vel í skólastarfi. Passa þarfað mönnun í skólanum fari ekki undir þolmörk en vegna hagræðingar verður fækkað um tvö stöðugildi frá 1. ágúst 2016.

Það má líta svo á að skilgreina þurfi vinnuferil betur fyrir foreldrum þegar þeir telja að barnið þeirra verði fyrir einelti í skólanum. Senda þarf upplýsingar heim að hausti og minna foreldra á eineltisáætlun skólans.

Skólasamfélagið þarf að vera samstíga í að fylgja eftir umgengisreglum í skólanum. Nauðsynlegt er að senda heim til foreldra allar sérreglur sem eru ekki inn í skólareglum samanber símareglur. Rifja þarf upp með nemendum umgengisreglur í upphaf hvern annar og fá umræðu hjá nemendum um reglur og umgengni. Búið er að prenta og hengja upp skólareglur á þremur tungumálum í skólanum.

Kennarar hafa verið að vinna endanlega markmiðssetningu námsgreina nú í vetur upp úr drögum sem unnin voru síðast liðið vor. Ætlast verður til að markmiðasetningin verði markvisst notuð við gerð kennsluáætlana frá og með næsta hausti og einnig verði unnið eftir drögum að endurskoðaðri námsmatsáætlun.

Það þarf að vera meiri eftirfylgni stjórnenda með að kennarar fari eftir þeim stefnum sem skólinn hefur sett sér og verður það gert í samráði við kennsluráðgjafa Dalvíkurbyggðar strax í ágúst.



6 Starfsfólk og aðbúnaður

6.1 Greiningargögn

- ✓ Starfsmannakönnun
- ✓ Starfspróunarsamtöl
- ✓ Matsfundur
- ✓ Starfsmannafundir

6.2 Ígrundun og greining

Í starfsmannakönnun kemur greinilega fram að starfsfólki líður vel í vinnunni og starfsánægja hefur batnað. Starfsfólk á gott með að vinna með samstarfsfólki sínu og finnst jákvæðni ríkja meðal þess. Flestir eru sáttir í sínu teymi og finnst jákvætt að vinna í slíku fyrirkomulagi. Starfsfólk telur að álag hafi verið hæfilegt í vetur, þó höfum við verið að innleiða nýja starfshætti í skólanum s.s. PALS lestrarþjálfun og Google Education sem geta leitt til aukins álags. Þá kemur fram að breytingar í starfsmannahaldi hafa verið óvenju miklar í vetur sem eykur á álag samstarfsfélaga. Skólinn þarf að finna leiðir til að minnka álag hjá starfsfólki en teymisvinna kallar á meiri tíma til samstarfs og taka þarf frá tíma innan dagvinnumarka til að sinna því sérstaklega hjá kennurum eldra stigs. Nauðsynlegt að skoða hvernig vinnumat getur nýst betur í að þróa skólastarf. Nýtt vinnumat verður gert með kennurum áður en nýtt skólaár byrjar og þættir í vinnumati skilgreindir enn betur.

Nú í vetur þá hafa kennarar verið að sækja menntabúðir í upplýsingatækni með öðrum skólum í Eyjarfirði. Þetta eru búnar að vera átta menntabúðir og hefur stór hópur kennara verið að nýta sér það. Ákveðið hefur verið að halda þessu áfram á næsta skólaári og stefnt er þá að því að Dalvíkurskóli verði tvisvar með menntabúðir eins og í vetur.

Starfsfólk telur að upplýsingaflæði í skólanum hafi farið batnandi en þetta er þáttur sem verður alltaf að vera í endurskoðun. Starfsfólk telur að stofnunin leggi áherslu á að fólk miðli þekkingu sinni á milli aðila og þar teljum við að teymiskennslan sé að nýtast eins og hún var hugsuð.

6.3 Leiðir til úrbóta

Haldið verður áfram að þróa teymiskennslu næsta skólaár. Kennarar sem koma að kennslu 1.-2. bekkjar, 3. og 4. bekkjar, 5., 6. bekkjar og 7. og 8. bekkjar og 9. og 10. bekkjar vinna saman í teyjum. Við gerð stundatöflu verður gert ráð fyrir samstarfstíma teyma og aldursblöndun nemenda í vissum hópum. Sérstaklega er tekið tillit til þessa þáttar hjá eldri deildar kennurum í stundaskrárgerð fyrir næsta skólaár.

7 Foreldrasamstarf

7.1 Greiningargögn

- ✓ Foreldraviðtöl að hausti með barni
- ✓ Haustfundir foreldra
- ✓ Foreldrakönnun lögð fyrir í febrúar 2016 í samráði við fræðsluvið



- ✓ Samráðsfundir í febrúar (eyðublöðum komið til stjórnenda eftir viðtölin)

7.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Eins og fyrri ár kemur mjög skýrt fram í foreldrakönnun að nemendum líður vel í skólanum og fá hvatningu til að standa sig vel í námi. Það kemur einnig fram að foreldrar telja að skólinn veiti góðar upplýsingar varðandi stöðu nemenda í námi og mælist sú ánægja svipuð og á síðasta skólaári.

Stór hluti foreldra telur að skólinn taki tillit til óska og athugasemda sem þeir setja fram við starfsfólk skólans. En það eru ekki mjög margir foreldrar sem eru að heimsækja skólann þótt við höfum hamrað á því að skólinn sé opinn og við viljum fá foreldra meira inn.

Varðandi upplýsingaflæði frá skólanum telja 88% foreldra sem svöruðu það vera gott en það er svipað og á síðasta skólaári. Töluverð aukning hefur verið á því að kennarar sendi upplýsingar í gegnum facebook bekkjarsíður og virðist vera mikil jákvæðni gagnvart því. Dalvíkurskóli er einnig kominn með facebook síðu og þar inn eru líka settar inn fréttir af skólastarfi og viðburðir og höfum við fengið mjög jákvæð viðbrögð við því. Skólinn hefur verið að taka sig á í að veita nægjanlegar upplýsingar. Kennarar hafa verið að taka sig á með að senda frekar jákvæðar upplýsingar heim til nemenda. Aukning hefur orðið á ánægju foreldra með heimasíðu skólans, en þar getum við samt gert töluvert betur.

7.3 Leiðir til úrbóta

Í námsárangurhópnum höfum við velt fyrir okkur leiðum til að auka samstarf milli heimilis og skóla. Rannsóknir benda eindregið til að forsenda þess að ná meiri árangri í námi sé gott samstarf við foreldra. Ákveðið var að gefa öllum foreldrum varðandi nemenda 1. bekkjar bókina *Skóli og skólaforeldrar- ný sýn á samstarfið um nemandann*. Þetta er bók eftir Nönnu Kristínu Christiansen, gefin út árið 2011. Á næsta skólaári verður haldið áfram með fræðslufundi varðandi aðstoð í grunnfögum fyrir foreldra í 1. bekk og verður reynt að hafa skyldumætingu hjá foreldrum. Ákveðið var að leggja til við foreldrahóp hvers árgangs að þeir, nemendur og umsjónarkennari borði saman eina kvöldstund í hátíðarsal Dalvíkurskóla. Foreldrar myndu þá sjá um að koma með veitingar á hlaðborð. Mælt með að 1. – 5. bekkur verði með svona uppákomu fyrir áramót og 6. – 10. bekkur eftir áramót. Einnig var sú ákvörðun tekin að breyta nafni á foreldraviðtölum í samráðsfundi. Haustfundir með foreldrum voru ágætlega sóttir, en við teljum að nauðsynlegt sé að fá sem flesta á þessa fundi og stefnt er að því að nýta fleiri leiðir til að boða foreldra og sækjast eftir samvinnu við fyrirtæki um að foreldrar fái að skreppa á fundina. Foreldrafélag Dalvíkurskóla hefur ekki verið virkt í vetur og það þarf að koma því strax af stað í haust.





8 Raddir nemenda

8.1 Greiningargögn

- ✓ Fundir námsnefndar

8.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Námsnefnd fundaði fjórum sinnum á þessu skólaári. Það sem var aðalega tekið var fyrir var nám, kennsla og skipulag á skólastarfi. Á fyrsta fundi voru kennarar viðstaddir og þrír fundir voru bara með skólastjóra. Nemendur voru ánægðir með skipulag á skólastarfi og þær breytingar sem voru gerðar á vali nemenda. Einnig voru nemendur mjög ánægðir með að búið var að bæta við vinnustund á föstudögum. Farið var yfir hvernig best væri að hinn almenni nemandi kæmi inn með erindi til umræðu í námsnefnd. Tvær leiðir voru ákveðnar: Fá tíma á bekkjarfundum síðasta föstudag í mánuði til opna á umræður í bekknum og svo var ákveðið að setja fram hugmyndakassa á ganginn hjá unglingum. Svo tókum við kassann og fórum yfir punkta sem komu upp úr kassanum. Aðeins var rætt um heimanám og skipulag á því og voru skiptar skoðanir á því eins og alltaf. Flestir voru sammála því að það mætti dreifa því betur, virðist koma mikið á sama tíma. Teknar voru umræður við kennara um þetta og snýst þetta aðalega um skipulag nemenda. En almenn ánægja var með kennsluna og hrósuðu nemendur kennurum mikið. Töluverð umræða fór í að ræða símareglur og reglur í kringum snjalltæki. En greinilega finnst þeim gott að hafa þessar reglur. Nokkrar umræður voru um skólalóðina hvort hægt væri að gera eitthvað fyrir unglinga og er það í skoðun. Við ræddum einnig umgengni í skólanum og þeim fannst hún ekki góð, sérstaklega ekki í kennslustofum og það er eitthvað sem þarf að bæta.

8.3 Leiðir til úrbóta

Nauðsynlegt er að skólastjóri setji námsnefnd á stofn strax í upphafi næsta skólaárs og að hlúð verði að störfum hennar. Námsnefnd setur sér starfsáætlun strax að hausti líkt og gert var síðasta haust. Nauðsynlegt að skapa aðstæður fyrir Námsnefnd til að ná á öðrum nemendum með formlegum hætti og á að reyna að skapa þessar aðstæður á bekkjarfundum. Skólastjóri þarf að finna nýjan fundartíma ef fundur fellur niður. Finna þarf leiðir í samráði við nemendur til að bæta umgengni í kennslustofum og skerpa reglur um símanotkun.

9 Áætlun um mat á skólastarfi 2016 – 2017

9.1 Sjálfsmatsáætlun

Sjá fylgiskjal 2.



10 Samantekt og mat á niðurstöðum

Dalvíkurskóli hefur verið að vinna markvisst í líðan nemenda nú undanfarin ár og kemur sá þáttur vel út í foreldrakönnun en fyrsta mæling Skólapúlsins síðasta vetur gaf annað til kynna, síðari mælingar komu betur út og var skólinn rétt um landsmeðaltal í vor. Nú í vetur höfum við verið að horfa meira á námsárangur og hefur skólinn verið að vinna markvisst að þeim málum m.a. með markmiðssetningu námgreina. Kennarar á unglinga – og miðstigi hafa látið nemendur sína setja sér markmið í námi sem þeir hafa keppt við að ná og oftast en ekki hafa nemendur staðið sig mjög vel. Samkvæmt niðurstöðum Olweusarkönnunar á þessu skólaári hefur einelti aukist síðasta skólaár en þá mældist einelti **2,2%** en nú **9%** sem er ekki gott hjá okkur og mun eineltisteymi skólans setja fram verkferla til að sporna við frekari neikvæðri þróun strax í haust. Þetta kemur greinilega í sveiflum hjá okkur.

Þó að skólinn hafi komið þokkalega vel út úr könnunum eru alltaf hlutir sem þarf að laga. Skólinn þarf að auka metnað skólasamfélagsins í námi m.a. með frekari samvinnu við foreldra og við eigum alls ekki að sætta okkur við að vera undir meðallagi í samanburði við aðra skóla í landinu. Allir sem koma að skólastarfi þurfa að standa saman og finna leiðir til að bæta metnað í námi og kennslu. Námsárangurhópur heldur áfram vinnu næsta skólaár og mun funda hálfmánaðarlega og setja fundagerðir inn til fræðslunefndar. Ákveðið var að vinna næst að námstækni nemenda og hefst sú vinna strax í haust.

Í Dalvíkurskóla virðist vera mikil starfsánægja og langflestum starfsmönnum líður vel í vinnunni. Nauðsynleg er að viðhalda því og efla jákvæðan starfsanda innan skólastofnunarinnar á sem víðtækastan hátt. Starfsmenn telja aðbúnað í starfi nokkuð góðan, þó vissulega þurfi að vera vakandi fyrir þáttum eins og álagi í starfi. Töluverð forföll hafa verið hjá okkur í vetur og eykur það alltaf á álag annarra starfsmanna. Vinnuaðstaða kennara er nokkuð góð, en verið er að taka út vinnuaðstöðu allra í Dalvíkurskóla og mun iðjuþjálfari skila inn skýrslu varðandi það nú í haust.

Skólasamfélagið þarf allt að taka sig á með að vera samstíga í að fara eftir umgengisreglum í skólanum og taka þá umræðu reglulega inn í bekkjum með nemendum.

Foreldrasamstarf hefur gengið vel hjá okkur og eru foreldrar ánægðir með skólann samkvæmt könnun. En auðvitað eru hlutir sem við getum gert betur. Í könnuninni hefur komið fram að foreldrar eru ekki ánægðir með heimasíðu skólans þó ánægja hafi aukist frá síðasta ári og það þarf að laga. Búið er að búa til facebook síðu fyrir skólann þar sem sömu upplýsingar koma fram og á heimasíðu en þar geta stjórnendur fylgst með hversu margir skoða innlegg sem sett eru á síðuna. Nauðsynlegt er að auka foreldrasamstarf í skólanum og fá foreldra í lið með okkur til að auka metnað í námi.

11 Lokaorð

Í Dalvíkurskóla er unnið metnaðafullt starf og nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum að stærstum hluta. Bætt líðan nemenda, trú þeirra á eigin getu og tilfinning fyrir því að þeir geti haft áhrif á skólastarfið eru allt leiðir sem fara má til að ná því markmiði að bæta



námsárangur. Nemendur sem sett hafa sér markmið í stærðfræðináminu virðast fylgja þeim betur eftir og fram kom á skólaþinginu í vor mikill áhugi á að gera slíkt hið sama í fleiri námsgreinum. Stór þáttur í starfsþróun kennara er að tileinka sér vinnubrögð sem skila góðum árangri í skólastarfi og miðla þeirri reynslu til samstarfsmanna líkt og gert er á skólaþingunum og í menntabúðunum sem kennarar skólans hafa verið duglegir að sækja. Kennarar þurfa að vera gagnrýnir á sín störf og vera alltaf tilbúnir að breyta og bæta til að ná betri árangri í skólastarfi. Í Dalvíkurskóla er jákvæður skólabragur sem nauðsynlegt er að hlúa að. Uppbyggingarstefnan hefur stuðlað að meiri jákvæðni og betri skólabrag og nauðsynlegt er að fylgja henni vel eftir, bæði í vinnu nemenda og starfsmanna. Menntun nemenda er samstarfsverkefni þeirra sem hér starfa og er stefnt að því að hvers konar samvinna við foreldra verði vaxandi einkenni á skólastarfinu. Skólinn mun stefna að aukinni þátttöku nemenda og foreldra í markmiðsetningu í námi en slík vinnubrögð stuðla að aukinni ábyrgð nemenda og bættum árangri. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægt að ná góðri samvinnu við heimilin um að hlúa að lestrarfærni barna. Skólinn setur sér það markmið að með virkri aðstoð foreldra nái allir nemendur góðri lestrarfærni sem fyrst á skólagöngunni. Við eigum að vera stolt af skólanum okkar en vera alltaf með þá hugsun að reyna að gera betur og bæta árangur. Þar sem er metnaðafullt skólastarf er alltaf vilji til að gera betur.

Gísli Bjarnason

Skólastjóri Dalvíkurskóla